

Lýðheilsa og heilsuvernd á vinnustað

Nýlega var stofnað félag um lýðheilsu og mikill fjöldi fundarmanna á stofnfundinum sýndi að víðtækur skilningur og áhugi er á að vinna að bættri heilsu og forvörnum. Vinnustaðurinn er kjörinn vettvangur fyrir slíkt starf enda dveljast flestir drjúgan hluta lífsins á vinnustaðnum. Vissulega hefur nokkuð áunnist í því að auka skilning á mikilvægi heilsuverndar á vinnustað, en betur má ef duga skal. Sameining sjúkrahúsa, uppsagnir starfsfólks, samdráttur og niðurskurður í heilbrigðisgeiranum kallar á viðbrögð. Margir þurfa efalaust á stuðningi að halda við þessar aðstæður, bæði þeir sem ýtt er til hliðar á einhvern hátt og hinir, sem eftir sitja, en óttast um stöðu sína.

Um þessar mundir liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á vinnuverndarlögunum sem sett voru 1980. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða breytingar verða samþykktar en meðal þess sem lagt er til er að einkaaðilar geti annast heilsuvernd á vinnustað. Til þess að þjónusta þessara aðila sé að einhverju leyti samræmd er hugmyndin að þeir fái vottun svo að þeir megi starfa á þessum vettvangi.

Heilsuvernd á vinnustað er sértök tegund heilsuverndar sem krefst margs konar sérþekkingar sem engin ein starfsstétt hefur til að bera. Undirstaða þessarar heilsuverndar er áhættumat. Í frumvarpinu til breyttra laga er kveðið á um það að atvinnurekanda sé skylt að gera eða láta gera áhættumat á vinnustaðnum. Eftir því hvað áhættumatið leiðir í ljós fer framhaldið, en undirstöðuatriðið er að **í þessari heilsuvernd er alltaf gengið út frá aðstæðum á vinnustaðnum**. Um getur verið að ræða slysaáhrif, ýmiss konar mengun (t.d. efna, hávaða), líkamlegt eða andlegt álag, skipulagsbreytingar, sem leiða af sér óvissu eða ama, samdrátt eða sameiningu fyrirtækja. Í heilsuvernd á vinnustað er fyrst og fremst hugsað um hópinn en ekki einstaklinginn.

Nokkuð hefur þess gætt að þeir sem selja þjónustu undir yfirskriftinni heilsuvernd á vinnustað bjóði ólíka þjónustu og ekki alltaf er haft að leiðarljósi að ganga út frá aðstæðum á vinnustað í forvarnastarfinu. Ef atvinnurekandi kys að kaupa almennar heilbrigðisráðgjafar eða líkamsrækt fyrir starfsmenn sína er gott eitt um það að segja, aðeins ef öllum aðilum er ljóst að það er aukþjónusta en ekki sú grundvallar heilsuvernd sem atvinnurekanda er skylt að veita og byggist á áhættumati á vinnustað. Það er á siðferðileg skylda þess sem sinnir heilsuvernd á vinnustað að upplýsa atvinnurekandann og þar með verkkaupandann um hvers konar heilsuvernd er mest þörf fyrir á hverjum tilteknum vinnustað. Þjónustuaðilar á markaðinum þurfa að hafa þekkingu til að geta gert áhættumat á vinnustað eða geta a.m.k. komið með ábendingar um lausn vandamála þegar áhættumat hefur verið gert. Framkvæmdin og ábyrgðin á framkvæmdinni verður á hinn bóginn alltaf í höndum atvinnurekandans. Ábyrgir þjónustuaðilar benda atvinnurekandanum á hvers hann þarf með í stað þess að selja honum þjónustu sem hann hefur takmarkaða þörf fyrir og er ekki skylt að veita starfsmönnum sínum.

Umræður hafa verið um mismuninn á heilsuvernd á vinnustað og heilsuefningu á vinnustað. Munurinn á þessu tvennu er að heilsuvernd á vinnustað er sú heilsuvernd sem skylt er að hafa samkvæmt lögum og sem kveðið er á í reglum en heilsuefningin er viðbótin. Hjúkrunarfræðingar geta gengt lykilhlutverki í heilsuvernd á vinnustað en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur gefið út ágæta bók um þetta efni (The Role of the Occupational Health Nurse in Workplace Health Management), sem gefin var út 2001. Bæklingur Vinnueftirlitsins um heilsuvernd á vinnustað er á heimasíðu Vinnueftirlitsins: www.vinnueftirlit.is.